

Frekari skoðun á geðröskunum nauðsynleg

# 60% geðdeyfðarlyfja ávísuð af heimilislæknum

halldora@vbl.is

Punglyndi og aðrir geðsjúkdómar eru orðnir nokkuð algengir hér á landi en talið er að um 20% kvenna og 7-12% karla muni einhvern tímann á lífsleiðinni þurfa að leita sér hjálpar vegna sjúklegrar geðlæðar. Lausnin er yfirleitt fundin með lyfjagjöf, þó svo að margir hverjir telji of langt gengið og að sneitt sé fram hjá allri eftirfylgni með þeim sjúklingum sem hefja lyfjakúra.

„Það er orðið alltof mikið um að fólk fái lyfseðil eftir fyrsta tíma hjá heimilislækni en niðurstöður liggja fyrir um að það séu 60%. Þó svo að þeir séu faglega menntaðir í heimilislækningum hafa

þeir síður en svo næga þekkingu á sviði geðlækninga. Við hjá Geðhjálp stöndum í endalausum slagsmálum hvað þetta varðar þessa dagana og

berjumst fyrir því að litið verði á aðrar lausnir en lyfjagjöf, s.s. viðtalsmeðferðir. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að lyf eru lífsnauðsynleg en þetta er farið að snúast upp í andhverfu sína,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, en hann hefur sjálfur þjáðst af alvarlegu þunglyndi

í þrjú ár. „Ég er til dæmis búinn að fara á fjögur mismunandi lyf en það segir manni bara að þetta krefst við-

unandi rannsókna. Nú er loksins búið að gera réttar tilraunir á mér og finna út hvað hentar mér. Þetta gerist ekki hjá heimilislæknum, án þess að ég sé að hallmæla þeim. Svona mál krefjast bara meiri skoðunar og algjört lykilatriði er að fólk labbi ekki bara út með lyf og síðan ekki söguna meir. Eftirfylgni er nauðsynleg. Lyfin sem slík eiga bara að koma okkur á gott ról svo við getum farið að takast á við vandann. Fólk verður að leita sér samtalsmeðferðar og finna þannig hver rót vandans er. Geðdeyfðarlyf eru bara til þess að hjálpa til, þau laga ekki vandamálið. Sem dæmi má nefna kvíða og fælni en rannsóknir sýna að þessa kvilla er auðveldlega hægt að laga með viðtalsmeðferð hjá sálfræðingi eða geðlækni.“

**Lyfjagjöf  
er farin að  
snúast upp  
í andhverfu  
sína.**

